Barnaheill

# Tryggjum börnum örugga framtíð
# Upprætum fátækt




## Vinna Evrópuhóps
## Save the Children

Margrét Júlía Rafnsdóttir

Barnaheill

# 2014 og 2016






Október 2021




Save the Children samtök í 14 löndum Evrópu tóku þátt í gerð skýrslunnar, bæði lönd innan ESB og utan, ríkar þjóðir sem fátækari.
Þar á meðal Barnaheill – Save the Children á Íslandi.

Árleg útgáfa héðan í frá.

Barnaheill

# Börn sem búa við fátækt í Evrópu

2014: 27 miljónir barna -28% barna.
2016: Rúmlega 26 miljónir barna.
2019: 18 milljónir - 25% barna – fyrir Covid.

Hver er og verður staðan eftir Covid? Hver eru áhrif faraldursins? Mismunandi eftir löndum?



Barnaheill

# Hlutfall barna sem eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun í Evrópu miðað við tölur frá 2020 (oftast).

Tölur frá Íslandi eru frá 2018.




* Data for 2019
** Data for 2018

EU: estimate
Source: Eurostat




Hættan á fátækt og félagslegri einangrun hefur víðast aukist en dregist saman í Danmörku, Svíþjóð og Litháen þrátt fyrir Covid faraldurinn.

Barnaheill

# Fjöldi barna sem eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun á Íslandi:

16% árið 2014 (tölur frá 2012) 14% árið 2016 (tölur frá 2014),

12,6% árið 2021 (tölur frá 2018)






2008 – 2012 jókst hættan á fátækt og félagslegri einangrun barna um 2,8% á Íslandi – frá hruni.

Hefur minnkað frá þeim tíma.

Skýrsla 2021: 12,7% barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt.

Hvaða áhrif mun heimsfaraldurinn hafa á Íslandi?



Barnaheill

Á Íslandi er engin opinber skilgreining á fátækt meðal barna. Stuðst er við lágtekjumörk.

Á Íslandi er engin opinber stefna eða áætlun um að uppræta fátækt meðal barna.



Barnaheill

# Börn sem búa við fátækt í Evrópu

Í júní 2021 samþykkti ESB að börnum sem búa við fátækt skuli hafa fækkað um 5 miljónir árið 2030.

Árið 2030 þá verða samt enn 13 miljónir barna eða fleiri, sem fá ekki notið fullra mannréttina vegna fátæktar í Evrópusambandinu- einu ríkasta sambandi heims.






# Þeir hópar barnafjölskyldna sem eru sérstaklega viðkæmir fyrir fátækt og félagslegri einangrun eru:






Munum að…

…börn bera ekki ábyrgð á stöðu sinni.

…barn sem elst upp við fátækt er líklegra til að búa við fátækt sem fullorðinn einstaklingur, á minni möguleika á innihaldsríku lífi og  fær færri tækifæri.

Hvernig breytum við því?

Barnaheill

# Lykilþættir:

Leikskóli (ECEC)

Menntun og jöfnuður

Kostnaður við menntun

Tómstundir

Skólamatur

Næring

Heilsugæsla

Húsnæðismál

Barnaheill

# Leikskóli

**Markmið:**
Að öll börn hafi aðgengi að gæða þjónustu í leikskólum frá því að fæðingarorlofi lýkur, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Setja þarf gæðastaðla sem og leggja áherslu á faglega þjálfun starfsfólks. Fylgjast þarf með þroska og atlæti barna frá fæðingu og styðja við þroska þeirra.

**Ísland:**

- **Árið 2019 sótti 97% barna frá tveggja til fimm ára leikskóla ári og 55% yngri en tveggja ára.**
- **Brúa þarf bil milli fæðingrorlofs og leikskóla.**
- **Stefna þarf að gjaldfrelsi leikskólans.**
- **Tryggja að börnum sem búa við fátækt eða erfiðar aðstæður sé ekki meinuð leikskólavist ef gjald er ekki greitt.**

# Menntun og jöfnuður

**Markmið:**
Öll börn fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Að unnið sé gegn ójöfnuði í menntakerfinu og styðja börn sem á stuðningu þurfa að halda. Sérstaklega þarf að huga að börnum á flótta, börnum með annað móðurmál en íslensku, börnum sem búa við erfiðar aðstæður á heimili, börnum í dreifbýli og fötluðum börnum.

**Ísland:**

- **Nánast öll sækja grunnskóla.**
- **Ónógur stuðningur.**
- **Enn sérskólar, skóli án aðgreiningar**
- **ekki virkað sem skyldi.**
- **Brottfall úr framhaldsskóla.**
- **Um langan veg að fara í dreifbýli.**
- **Heimavinna.**




A Save the Children volunteer helps a girl with homework in the 'Spotlight Centre' in Turin, Italy. Children have told us that dedicated spaces for after-school activities are critical in building relations with their peers.

# Kostnaður við menntun

**Markmið:**
Tryggja þarf öllum börnum rétt til ókeypis gæðamenntunar án hindrana.

**Ísland:**

- **Grunnskólinn að mestu gjaldfrjáls- Námsgögn frá 2018 upphaflega vegna þrýstings frá Barnheillum.**
- **Skólabíll gjaldfrjáls.**
- **Falinn kostnaður; ferðalög, skemmtanir, ýmislegt á vegum foreldrafélaga.**
- **Frístund er ekki gjaldfrjáls né skólamatur.**
- **Skólaár stutt, sumarfrí löng. Mikill kostnaður fylgir að brúa bil.**
- **Framhaldsskólinn ekki gjaldfrjáls, skólagjöld, námsgögn ofl.**

# Tómstundir




**Markmið:**
Tryggja aðgang allra barna að íþróttum, tómstundum og menningarstarfi. Það stuðlar að jöfnuði. Ryðja þarf öllum þeim hindrunum úr vegi sem koma í veg fyrir þátttöku barna. Þar má nefna búsetu, fötlun, efnahag og félagslegar aðstæður.

**Ísland:**
- **Kostnaður við tómstundir.**
- **Tímasetning tómstunda.**
- **Greinaskipting frá unga aldri og jafnvel röðun eftir getu.**

Barnaheill

# Skólamatur

**Markmið:**
Tryggja ókeypis skólamáltíðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu í öllum skólum frá leikskóla til framhaldsskólanáms og hafa gæðastaðla til að tryggja næringaríkar máltíðir.

**Ísland:**

- **Leik og grunnskólar bjóða upp á máltíðir.**
- **Ekki gjaldfrjálsar.**
- **Er börnum vísað frá ef ekki hefur verið greitt?**

**Skólamáltíðin er jafnvel eina næringarríka máltíð dagsins hjá sumum börnum. Kynnast alls kyns matvælum.**

# Næring

**Markmið:**
Tryggja jafnan aðgang að heilsusamlegri næringu fyrir fjölskyldur í viðkvæmum aðstæðum og skapa umhverfi sem hvetur börn og foreldra til að heilbrigðs mataræði.

**Ísland:**

- **Mörg börn njóta ekki næringaríkrar fæðu á þeim dögum sem skóla nýtur ekki við, svo sem í sumarfríum (á við í flestum löndum).**
- **Lokanir á þjónustu vegna Covid – 19; mörg börn fengu ekki næringaríkan mat og matarkostnaður fjölskyldna hækkaði.**
- **Óheilbrigðar matarvenjur meðal barna, ruslfæði, lítið af ávöxtum og grænmeti, sykraðir drykkir. – Jókst í Covid.**
- **Heimsfaraldurinn leiddi af sér enn óheilbrigðari matarvenjur og minni hreyfingu.**
- **Heimilisfræði í skólum.**

Barnaheill

# Ofþyngd og offita

27% Íslendinga og þar af 6,5% barna þjáist af offitu. Þriðjungur barnanna býr í dreifbýli.

Helstu ástæður ofþyngdar og offitu meðal barna eru óheilnæmur matur, hreyfingaleysi, hátt verð á hollum mat, slæmar matarvenjur og að foreldrar séu lítið heima við.

# Heilsugæsla

**Markmið:**

Veita öllum börnum og unglingum óheftan aðgang að ókeypis heilsugæslu, þar á meðal heilsueflingu, skimun og fyrirbyggjandi þjónustu, endurhæfingu og geðheilsu. Tryggja aðgengi allra barna að sem bestri geðheilbrigðisþjónustu. Styrkja þarf forvarnir og stuðning við hæfi innan skólakerfisins. Góð heilsa og heilsuvernd er grundvöllur jöfnuðar.

Covid -19 faraldurinn hefur gert það að verkum að velferð barna hefur minnkað í öllum þeim löndum sem tóku þátt.

**Ísland:**

- **Grunnheilbrigðisþjónusta gjaldfrjáls fyrir börn svo og tannlæknaþjónusta að mestu.**
- **Mæðravernd og ungbarnavernd, bólusetningar barna.**
- **Tannréttingar eru kostnaðarsamar.**
- **Geðheilbrigðismál – ekki næg þjónusta.**
- **Þeir sem búa í dreifbýli þurfa þó um langan veg að fara til að fá þjónustu.**
- **Kostnaður, ónóg þjónusta og bið.**

# Húsnæðismál

**Markmið:**
Tryggja öllum öruggt og heilsusamlegt húsnæði. Það er ein helsta forsenda velferðar og til að komast út úr fátækt. Efla félagslegan stuðning og félagslegt húsnæði og forgangsraða barnafjölskyldum í aðgengi að húsnæði. Fjölskyldur reyna yfirleitt að fá inni hjá fjölskyldum eða vinum ef þær missa húsnæði sitt. Ekki er leyfilegt að skrá börn án aðseturs.

**Ísland:**

- **Húsnæðsiskostnaður hár.**
- **Fjöldi barnafjölskyldna býr við ófullnægjandi aðstæður, þröngbýli og 25% leigjenda á Íslandi borga meira en 50% ráðstöfunartekna sinna í leigu og 10% verja meira en 70% ráðstöfunartekna.**

# Heimilislaus börn

**Markmið:**
Tryggja þarf að enginn sé heimilislaus og að börn og fjölskyldur þeirra búi við tryggan og heilsusamlegan húsnæðiskost.

**Ísland:**

- Engar tölulegar upplýsingar eru til á Íslandi um heimilislaus börn né barnafjölskyldur.
- Ekki er leyfilegt að skrá börn án aðseturs.

Aldrei skal sundra fjölskyldum vegna húsnæðisleysis.
Stundum tekur barnavernd við umsjón barna ef fjölskyldan er heimilislaus ekki síst ef foreldrar eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða.

# Heimilislaus börn

Á hverju ári týnast 80-100 börn á Íslandi.

Þau eru þá heimilislaus, búa þá jafnvel á götunni.

50% þessara barna eru að týnast í fyrsta sinn meðan 50% hafa týnst áður. Sum þeirra flýja vegna erfiðra heimilisaðstæðna og ofbeldis, önnur eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða.

Barnaheill

Ef okkur tekst að bregðast við þessum atriðum, mun okkur þá takast að uppræta fátækt og félagslega útilokun?

Ný vá?

# Loftslagsváin

Loftslagsváin snýst um mannréttindi barna.

**Making the climate crisis a child right´s crisis.**

**Hlustum á raddir barna-ekki síst þeirra sem tilheyra viðkvæmum hópum.**

**Save the Children hafa gert baráttuna gegn loftslagsbreytingum að áhersluatriði.**



# Loftslagsváin




**Save the Children og loftslagsmálin**

Núverandi markmið samtakanna eru í hættu ef ekki er brugðist við hið fyrsta.

# Loftslagsbreytingar ógna rétti barna til ....

- **Lífs**

99% dauða sem rekja má til loftslagsbreytinga eru í þróunar-ríkjum- þar af eru 80% börn.

Vannærðum börnum mun fjölga um 25,2 milljónir.

- **Náms:**

Skólaganga barna sem búa á þurrka-svæðum minnkar um 20%.




- **Verndar:**

Fyrir árið 2050 munu 142 milljónir manna sem búa fyrir sunnan Sahara og í Suður – Asíu og öðrum fátækum ríkjum (low incom countries) neyðast til að leggja á flótta.

Barnaheill

Loftslagsvá
...bitnar verst á fátækum.

... eykur fátækt og ójöfnuð.
Líka á Íslandi.

Endurreisn eftir Covid -19 þarf því að vera græn og tryggja félagslegt réttlæti.
Tryggja þarf jafnrétti kynslóða og heimshluta.





Saman tryggjum við börnum nútíðar og framtíðar byggilegan heim þar sem jafnrétti er á milli heimshluta og hverju barni er tryggður rétturinn til lífs og þroska, bestu mögulegu lífsskilyrði í heilnæmu umhverfi.

Útrýmum fátækt!

Takk fyrir ☺